

Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri f.h. Bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar (kt. 540596-2639) sem leigusali, og eigendur fasteignarinnar að Fjarðargötu 45, þ.e. Sigurður Magnús Harðarson kt. 120259-7849, Stefanía Helga Ásmundsdóttir kt. 151080-3919, Þórunn Kristjánssdóttir 280959-7669, Þorvaldur J Kristjánsson 281067-4199 og Jóhanna María Einarsdóttir kt. 290568-3829 sem leigutakar gera með sér svo felldan

GRUNNLEIGUSAMNING

1. grein

Leigusali selur leigutaka á leigu 674,4 fermetra lóð fyrir einbýlishús við Fjarðargötu 45, Þingeyri (landnr. 140803), skv. meðfylgjandi mæliblaði dags. 7. febrúar 2019, og skal hún leigð með þeim kjörum sem fyrir er haft í eftirfarandi greinum:

2. grein

Lóðin skal látin á leigu til 25 ára og sé leigutaka heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn, einan sér með þeim réttindum, sem lóðinni fylgja eða ásamt húsum og mannvirkjum á lóðinni. Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, sem hann hefur undirgengist gagnvart lóðareigenda með leigusamningnum.

3. grein

Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa sem lögð eru, eða kunna að verða á hina leigðu lóð. Leigutaki greiðir kostnað við þinglestur á leigusamningi.

4. grein

Ársleiga af lóðinni skal vera 1,5% - einn og hálfur af hundraði - af fasteignamati lóðarinnar, eins og ákveðið er á hverjum tíma. Leigan er háð þeim ákvörðunum bæjarstjórnar sem í gildi eru á hverjum tíma, þó aldrei hærri en 5% - fimm af hundraði - af fasteignamati lóðarinnar. Leiguna skal greiða á skrifstofu bæjarstjórnar á Ísafirði og eru gjalddagar 12. janúar, 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl og 1. maí ár hvert, fyrir árið sem fer í hönd, eða skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Sé leigan ekki greidd á gjalddaga reiknast dráttarvextir 1. hvers mánaðar þar á eftir, eða skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Dráttarvextir skulu reiknast eins og þeir eru á hverjum tíma. Fyrir lóðarleigunni og dráttarvöxtum er lögtaksréttur skv. lögum frá 16. desember 1885. Leigutaki og veðhafi eru skildir að hlíta því, er í lög verða sett ákvæði að leiga gangi á undan veðskuldum, sem á eigninni hvíla.

5. grein

Vilji bæjarstjórnin ekki að loknum leigutíma leyfa leigutaka með nýjum leigusamningi, að láta hús, sem þá eru á lóðinni, standa þar áfram skal bæjarstjórnin greiða leigutaka sannvirði mannvirkja eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands þeirra.

6. grein

Af samningi þessum skulu gerð þrjú samrit og heldur hvor aðili sínu eintaki og eitt til þinglýsingar.

7. grein

Sú kvöð skal hvíla á lóðinni að eigendur Fjarðargötu 45a skulu hafa aðgengi til viðhalds, á þeirri hlið sem snýr að Fjarðargötu 45

Ísafirði, 7. febrúar 2019,

nafn og kennitala

sem leigusali

nafn og kennitala

sem leigutaki

sem leigutaki

sem leigutaki

sem leigutaki

sem leigutaki

